

tveggja króna virði, ef selja ætti þau fyrir peninga. En hann kveðst ekki hafa sent þau aftur, sem honum þó bar skylda til, ef hann ekki gat hagnýtt sér þau.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. maí 1903. Hann hefir 17. marz 1931, undirgengizt 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Afbrot hans, sem lýst er undir I. hér að framan, verða að áliti dómarans ekki heimfærð undir nein ákvæði í 27. kap. hegningarlaganna og ber að áliti hans að heimfæra þau undir 253. grein alm. hegningarlaga og afbrot hans, sem lýst er undir II. ber að heimfæra undir 259. grein hegningarlaganna, og þykir refsins sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga.

Ennfremur ber honum að greiða Þórði Þórðarsyni frá Hjalla 82 krónur og Mjólkurfélagi Reykjavíkur 285 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á rekstri máls þessa hefir orðið nokkur dráttur af ástæðum þeim, sem greindar eru í prófunum.

Föstudaginn 16. okt. 1931.

Nr. 48/1931. Valdstjórnin (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Guðna Sigurðssyni og
Jensínu Jóhannesdóttur**

(Lárus Jóhannesson).

Vinbruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. febr. 1931: Kærður, Guðni Sigurðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og 1000 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærð Jensína Jóhannesdóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 daga og 500 króna sekt til rikissjóðs, og

komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hið ólöglega bruggaða áfengi og framangreind bruggunartæki skulu upptæk gjör og eign rikissjóðs og tækin eyðilögð.

Kærðu greiði bæði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Sankvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, er fallizt verður á í öllum aðalatriðum, þer að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að fangelsisrefsing kærðu, Jensínu Jóhannesdóttur, falli niður, með því að líkur þykja eigi nægar komnar fram um það, að hún hafi ætlað áfengi það, er hún bruggaði, til sölu eða veitinga fyrir borgun.

Kærðu þer in solidum að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærð, Jensína Jóhannesdóttir, greiði 500 kr. sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Kærðu, Guðni Sigurðsson og Jensína Jóhannesdóttir, greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talið málflutningskaup skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh.

Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr.
til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn
hjónunum Guðna Sigurðssyni og Jensinu Jóhannesdóttur,
háðum til heimilis að Svalbarði við Kleppsveg, hér við
bæinn, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64, frá
1930, og skulu nú greindir málavextir.

Hinnu 19. dezember síðastliðinn var samkvæmt úrskurði
gerð húisleit í íbúð kærðu eftir ólöglegu áfengi og brugg-
unartækjum. Var kærð þá heima og viðstödd leitina, en
kærður var á sjó.

Leitin bar þann árangur, að í kjallara hússins í afþilj-
aðri kompu, fannst hálf tunna af bruggi, svo og pípuvafu-
ingur úr eir og bali, er nefndur pípuvafningur var í.

Var síðan tekið sýnishorn af bruggi þessu, og það rann-
sakað af efnarannsóknarstofu ríkisins, og reyndist alko-
holmagn þess 2,65% að rúmmáli. Var vökvinn þá sam-
kvæmt skýrslu forstjóra rannsóknarstofunnar í sterkri
gerjun og hefði getað fengið allt að 15% alkoholstyrk-
leika, ef gerjunin hefði fengið að halda áfram.

Fyrir réttinum hafa kærð viðurkennt, að hafa byrjað
brugg í nóvember 1930, og hafi umrædd bruggun verið sú
fimmta í röðinni frá byrjun. Ber þeim saman um, að kærð-
ur hafi einn staðið fyrir fyrstu bruggunum fjórum, og er
ekki upplýst, að kærð hafi í neinu aðstoðað við það í orði
eða verki.

Hinsvegar framkvæmdi kærð ein síðustu bruggunina,
með því að kærður var ekki heima, og verður ekki séð, að
það hafi verið að fyrirlagi kærðs beinlínis, að sú brugg-
un var framkvæmd, en hann hefir viðurkennt að hafa
vitað um hana.

Kærður hefir játað, að hann hafi gert pípuvafning þann,
er notaður var við bruggið.

Kærð hafa bæði játað, að veitt hafi verið á heimili
þeirra af bruggi því, er fullgert varð. Er ekki upplýst

hvort þau hafi bæði haft þar veitingar um hönd, en frekar virðist verða að telja kærðum þær til saka, með því að hann hafði eftir því, sem upplýst er, staðið einn fyrir öllu því bruggi, er fullgert varð.

Ennfremur hefir kærður viðurkennt, að hafa látið af hendi við Nikulás Steingrímsson 8 flöskur af bruggi, en ekki er upplýst, að hann hafi fengið neina borgun fyrir það, en viðtakandi og kærð hafa upplýst, að samið hafi verið um 10 króna greiðslu fyrir flöskuna.

Um hvorugt hinna kærðu er upplýst, að þau hafi sætt refsingu áður fyrir brot á áfengislögunum.

Samkvæmt framangreindu ber að heimfæra brot kærðs, Guðna Sigurðssonar, undir 6., sbr. 30. grein, og 11., sbr. 32. grein áfengislaganna nr. 64, frá 1930. Við ákvörðun refsingarinnar ber að athuga, að kærður hefir ekki áður gerzt sekur um samskonar brot, og að ekki er upplýst, að hann hafi borið nokkurn fjárhagslegan hagnað af afhendingu bruggsins. Hinsvegar ber að taka tillit til þess, að hinar refsiverðu athafnir, sem kærður er nú uppvis að, eru margendurteknar, og ber það vott um, að kærður hefir verið hér mjög ákveðið að verki.

Með tilliti til framangreinds, þykir refsing sú, er kærður hefir unnið til, hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Um ákvörðun refsingar kærðu, ber að athuga, að hún hefir ekki áður gerzt sek um samskonar brot, það er ekki upplýst að hún hafi átt nokkurn þátt í 4 fyrstu bruggunum, hvorki í orði eða verki. Það er heldur ekki upplýst, að hún hafi átt nokkurn þátt í afhendingu bruggsins eða veitingu, en hinsvegar hefir hún játað, að hafa vitað um það. Fjórar fyrstu brugganirnar eru því kærðri óviðkomandi í þessu sambandi, svo og framangreind afhending og veitingar vinsins. Það er því einungis um það að ræða, að kærð verði sakfeld fyrir síðustu bruggunina, en hana hefir hún viðurkennt að hafa bruggað upp á eigin spítur og aðstoðarlaust.

Hinsvegar hefir kærð haldið því fram, að hún hafi ekki bruggað þetta í þeim tilgangi að selja það eða afhenda fyrir borgun. Um sannleiksgildi þessarar staðhæfingar

ber að athuga, að kærð hefir haldið því fram, að maður sinn hafi byrjað að brugga vegna atvinnuleysis, að hún vissi, að hann seldi af hinum fyrri bruggunum, að hún hefir haldið því fram, að þessi bruggun mundi bezt og því útgengilegust, og að hún hefir lagt í talsverðan kostnað við bruggið. Framangreint virðist benda svo ríkt í þá átt, að kærð hafi ætlað áfengið til sölu, að telja verður sannað, að svo hafi verið, þrátt fyrir framangreindar staðhæfingar.

Hinsvegar ber að taka nokkuð tillit til þess, að bruggun þessi er ekki fullgerð, þegar bundinn er endi á hana og framleiðslan því ekki orðin útgengileg og því ekki vist, að hún hefði nokkurtíma orðið það.

Samkvæmt framangreindu ber að heimfæra brot kærðrar undir 6 sbr. 30. grein áfengislaganna nr. 64, frá 1930, og þykir refsing sú, er hún hefir unnið til, hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 8. grein nefndra laga skulu hin framan- greindu bruggunartæki upptæk gjör og eyðilögð. Hið ólöglega bruggaða áfengi skal og upptækt og eign ríkissjóðs.

Loks greiði kærðu bæði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 21. okt. 1931.

Nr. 65/1931. **Réttvísni** (Th. B. Lindal).

gegn

Einari Jóhannssyni (Eggert Claessen).

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti ber rannsóknardómaranum að yfirheyra skrifstofustjóra gistihússins um allt það, er honum og ákærða